

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Bessastaðahreppi.

1. gr.

Árlegt gjald til að halda hund í lögsagnarumdæmi Bessastaðahrepps sbr. 3. gr. samþykktar um hundahald í Bessastaðahreppi nr. 114/1995 skal vera kr. 6.300.

Gjaldið greiðist á gjalddögum 15. febrúar, 15. apríl og 15. júní ár hvert og er eindagi gjaldsins 30 dögum eftir gjalddaga.

2. gr.

Gjald vegna skráningar hunds, sbr. 3. gr. sömu samþykktar, skal vera kr. 2.500.

3. gr.

Gjald vegna tóku hunds, sbr. 8. gr. sömu samþykktar, skal vera kr. 5.500.

Geymslugjald fyrir handsamaðan hund er kr. 700 fyrir hvern sólarhring umfram þann fyrsta.

4. gr.

Um vexti af vangreiddum leyfisgjöldum gilda almennar reglur.

5. gr.

Ofangreind gjaldskrá sveitarstjórnar Bessastaðahrepps staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 115/1995 fyrir hundahald í Bessastaðahreppi.

Umhverfissráðuneytinu, 18. janúar 1996.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

Nr. 49

17. janúar 1996

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Hveragerði fyrir árið 1996.

1. gr.

Gjald fyrir sorphreinsun í Hveragerði, sbr. samþykkt nr. 39/1983 um sorpheimtu í Hveragerði, fyrir árið 1996 skal vera kr. 6.615 og innheimtast með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Hveragerðis er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að gildi árið 1996.

Umhverfissráðuneytinu, 17. janúar 1996.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.